

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2011****2011/EES/37/22****frá 1. apríl 2011****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/46/ESB frá 2. júlí 2010 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipana ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB, að því er varðar þá eiginleika, sem athugun skal að lágmarki taka til, og lágmarksskilyrði varðandi athugun á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/377/ESB frá 7. júlí 2010 um að leysa Eistland undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipunum ráðsins 66/402/EBE og 2002/57/EB að því er varðar *Avena strigosa* Schreb., *Brassica nigra* (L.) Koch og *Helianthus annuus* L ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB) og 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta:
„– **32010 L 0046**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/46/ESB frá 2. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 169, 3.7.2010, bls. 7).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/198/ESB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“:
„81. **32010 D 0377**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/377/ESB frá 7. júlí 2010 um að leysa Eistland undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipunum ráðsins 66/402/EBE og 2002/57/EB að því er varðar *Avena strigosa* Schreb., *Brassica nigra* (L.) Koch og *Helianthus annuus* L (Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 73).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/46/ESB og ákvörðunar 2010/377/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 49, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 169, 3.7.2010, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 73.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.